

Hákon Jensson

## Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð frá Stórhóli til Finnmerkur í Húnaþingi vestra.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar

Rannsóknarskýrslur 2022/10



BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Torfholt á Kambsstöðum, mynd tekinn í suð-vestur.



**BÚNAÐARSAMBAND  
EYJAFJARÐAR**

©Hákon Jensson  
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,  
Akureyri 2022/10

## **EFNISYFIRLIT**

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	3
SAMANTEKT.....	6
HEIMILDASKRÁ.....	7

## 1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið var frá Stórhóli til Finnmerkur í Húnaþingi vestra en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2023. Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Ekki hafði farið fram nein fornleifaskráning áður á svæðinu.

Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar. Skýrsluhöfundur vill einnig þakka öllum heimildarmönnum sem veittu góðar upplýsingar um svæðið og í sumum tilvikum leiðsögn. Vettvangsskráningin fór fram í seinni hluta september 2022.

Verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands: 2868.

## 2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.<sup>1</sup> Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.<sup>2</sup>

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngrípír eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

---

<sup>1</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

<sup>2</sup> Heimasíða Minjastofnunnar.

- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”<sup>3</sup>

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur

annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”<sup>4</sup>

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”<sup>5</sup>

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnst engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”<sup>5</sup>

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunar til fornleifaskráningar til þess að hún geti tekið byggt sínar stjórnsýsluákvæðanir á.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>4</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>5</sup> Heimasíða Alþingis.

<sup>6</sup> Heimasíða Minjastofnunar.

### 3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnu og úrvinnslu var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum á map.is, örnefnaskrár, niðrhalsgögn frá Landmælingum Íslands og túnakort frá Þjóðskjalasafni Íslands. Þar að auki voru hagnýtar upplýsingar um jarðirnar í bókinni Húnaþingi II.<sup>7</sup> Til viðbótar þessum upplýsingum var haft samband heimamenn sem veittu góðar upplýsingar um svæðið og menningarminjar á því. Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem framkvæmdasvæðið var skoðað. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með gervihnattamynd frá kortavefsjá Landmælinga Íslands.

### 4. Fornleifaskráning

#### Auðunnarstaðir:

**Fornleifanúmer:** 2868-01

Hnit: A421318.9 N540195.6 ISN93

Hlutverk: Leið

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Beint upp af honum er Hrísabunga. Norður af henni er Messuhóll. Um hann lá Messuvegur, kirkjuvegur frá Múlabæjum, um Svölustaðavað að Víðidalstungu.“<sup>8</sup>

Samkvæmt örnefnavefsjá Landmælinga Íslands þá er Messuhóll um 470 m suður af Hringveginum og liggur Fitjavegur í gegnum hann.<sup>9</sup> Leið rafmagnsstrengs Rarik liggur einnig í gegnum Messuhól en ekki sáust nein ummerki á staðnum um leið.

#### Hrísar:

**Fornleifanúmer:** 2868-02

Hnit: A421523.9 N538947.5 ISN93

Hlutverk: Smiðja

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá Hrísa segir: „Sunnan við bæ Bæjarlækur, suður frá honum Húsahóll, en út frá bæ Smiðjuhóll...“<sup>10</sup> Í svörum við spurningum í Örnefnaskrá segir: „Já, það var smiðja á Smiðjuhól en ekki sjást þar neinar tóftir. Þar standa nú tveir sumarbústaði sem hafa verið nefndir Hríasel og Hrísakot.“<sup>11</sup> Í vefsjá landeigna þá eru sumarhúsalóðir á staðnum nefndir Fit og Hríasel<sup>12</sup> ekki sjást nein ummerki á staðnum um eldri mannvirki.

#### Kambhóll:

**Fornleifanúmer:** 2868-03

Hnit: A421869.8 N533671.6 ISN93

Hlutverk: Rista

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Beint suður frá túni er Þverholt og suður frá því Dýjabarð. Vestur frá þeim er Torfholt...“<sup>13</sup> Í örnefnavefsjá Landmælinga Íslands þá er Torfholt á svæði um suð-

<sup>7</sup> Sigurður og Stefán, MCMLXXVIII, bls. 383-549.

<sup>8</sup> Helgi, Auðunarstaðir og Selár, bls. 2.

<sup>9</sup> Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

<sup>10</sup> Helgi, Hrísar, bls 1.

<sup>11</sup> Sigríður, Hrísar, svör við spurningum, bls. 1.

<sup>12</sup> Vefsjá landeigna

<sup>13</sup> Helgi og Sigríður, Kambhóll, bls. 1.

vestan við Syðstavatn<sup>14</sup> ekki sáust nein ummerki á staðnum í mýrlendi þar sem rafmagnsstrengurinn á að liggja.

**Fremri Fitjar:**

**Fornleifanúmer:** 2868-04

Hnit: A420516.1 N530631.5 ISN93

Hlutverk: Lambhús

Tegund: Heimild

Í örnefnaskrá segir: „Bærinn er á yztu hæð landsins, Bæjarhól. Næsta hæð sunnar í túni er Hringur og þar vestur Nónhóll, þar sunnar er Lambhúshóll...“<sup>15</sup> Í athugasemdir við örnefnaskrá segir: „Lambhúshóll var þar sem íbúðarhúsið á Fr.Fitjum stendur nú.“<sup>16</sup> Engin ummerki eftir lambhúsið er á staðnum.


---


<sup>14</sup> Landmælingar Íslands – Örnefnasjá.

<sup>15</sup> Helgi. Fremri-Fitjar, bls. 1.

<sup>16</sup> Guðlaug, Fremri-Fitjar, athugasemdir bls. 1.





Nafn	STÓRHÓLL - FINNMÖRK	Dags.	04.12.2022 hj	Skýringar:	 BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is
	HÚNAÞING VESTRA	Mælikv.	1:32000 í A3	Framkvæmdasvæði Rariks frá Stórhóli - Finnmerkur og heimildir um fornleifar innan og nærri framkvæmdasvæði.	



## 5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Rarik nær frá Stórhóli til Finnmerkur í Húnaþingi vestra. Lagt var upp með það að forðast sem flesta minjastaði og á þessari leið voru fjórir staðir skráðir. Allir fjórir staðirnir voru nefndir í örnefnaskrá og höfðu verið afmarkaðir í örnefnavefsjá Landmælinga Íslands. Tveir þeirra voru horfnir vegna mannvirkja og ekki sáust ummerki um hina tvo á þeim slóðum þar sem rafmagnsstrengurinn á að liggja. GPS hnitin í skýrslunni eru tekin af miðri afmörkun af örnefnunum eins og þau er teiknuð hjá Landmælingum Íslands en hægt að sjá útlínur af þeim á kortinu í skýrslunni.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að ekki hafi fundist fleiri minjastaðir á framkvæmdasvæðinu þá er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 14 desember 2022  
Hákon Jensson

## 6. Heimildaskrá

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Þjóðskrá, vefsja landeigna. Þjóðskrá. Sótt af <https://geo.skra.is/landeignaskra/>. Skoðað 07.12.2022.

Landmælingar Íslands – Örnefnasja. Sótt af <https://ornefnasja.lmi.is/mapview/?application=ornefnasja>. Skoðað 04.12.2022

Sigurður J. Líndal og Stefán Á. Jónsson (ritnefnd). (MCMLXXVIII). Húnaþing II.. Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga. Búnaðarsamband Vestur-Húnavatnssýslu. Kaupfélag Húnvetninga, Blöndósi. Kaupfélag Vestur-Húnvetninga, Hvammstanga. Sögufélagið Húnvetningur. Akureyri.

### Heimildarmenn:

Axel Rúnar Guðmundsson, 1963, Ytri-Valdarási, Húnaþing vestra.

Jakob Jóhann Einarsson, 1963, Víðihlíð 1, Sauðarkróki.

Jóhannes Geir Guðnason, 1994, Efri-Fitjum, Húnaþing vestra.

Kristín Guðbjörg Arnardóttir, 1973, Finnmörk, Húnaþing vestra

Marianna Eva Ragnarsdóttir, 1977, Stórhóll, Húnaþing vestra.

Niels Ívarsson, 1954, Hvammstangabraut 30, Hvammstanga.

### Örnefnaskrár:

Guðlaug Sigurðardóttir. Fremri-Fitjar. Athugasemdir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Guðlaug Sigurðardóttir. Hrísar. Viðbætur við Örnefnaskráningu. Stuðst við Örnefnaskráningu Helga Guðmundssonar frá Tjarnarkoti. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Helgi Guðmundsson. Auðunarstaðir og Selás. Þorkelshólshreppur. Húnaþing vestra. Vestur Húnavatnssýsla. Samlesið S.J. Örnefnastofnun.

Helgi Guðmundsson. Fremri – Fitjar. Fremri – Torfustaðahreppur. Vestur -Húnavatnssýsla. Örnefnastofnun.

Helgi Guðmundssonar. Hrísar Þorkelshólshreppur. Húnaþing vestra. Vestur Húnavatnssýsla. Samlesið S. J. Örnefnastofnun.

Helgi Guðmundsson og Sigríður Jóhannsdóttir. Kambhóll. Þorkelshólshreppur. Húnaþing vestra. Vestur Húnavatnssýsla. Samlesið S.J. Örnefnastofnun.

Sigríður Friðrikssdóttir. Hrísar, svör við spurningum. Hrísar Þorkelshólshreppur. Húnaþing vestra. Vestur Húnavatnssýsla. Örnefnastofnun.